

Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóv. 2006

Umsögn um: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19, 12. feb. 1940. (kynferðisbrot). 20. mál

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka ofangreindu frumvarpi fagnandi.

Ítrekunaráhrif dóma fyrir kynferðisbrot.

Samtökin taka undir það með samningsmanni frumvarpsins að óeðlilegt sé að ekki séu ákvæði um ítrekunaráhrif dóma fyrir kynferðisbrot líkt og fyrir auðgunarbrot og líkamsmeiðingar.

Æskilegt er að fyrri dómur manns um kynferðisbrot gegn barni hafi ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar fyrir síðar framin brot sama manns þessarar tegundar líkt og er í norsku hegningarlögunum.

Samtökin styðja því tillöguna sem lögð er fram í frumvarpinu að lögfest verði ákvæði um ítrekunarheimild í kynferðisbrotakafla hegningarlaganna.

Ákvæði 200. gr. hgl. um sífjaspell og ákvæði 201. gr. hgl. um trúnaðarbrot gegn börnum og unglíngum yngri en 18 ára.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja það að refsihámark fyrir kynferðislega áreitni í 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 201. gr. verði hækkað líkt og frumvarpið kveður á um.

Ákvæði 202. hgl. um kynferðisbrot gegn börnum og unglíngum yngri en 18 ára.

Samtökin styðja það sem fram kemur í frumvarpinu að verknaðarlýsing ákvæðis 1. mgr. 202. gr. verði óbreytt, en áhersla verði lögð á að ákært verði bæði fyrir nauðgun (194. gr.) og kynferðisbrot gegn barni (202. gr.), sbr. 77. gr. hgl., hafi fullorðinn aðili kynmök við barn undir 14 ára aldri. Slík framkvæmd er eðlileg og verður vonandi til þess að styrkja réttarvernd barna gegn kynferðislegum árásum.

Samtökin styðja það að refsihámark 2. mgr. 202. gr. verði hækkað líkt og segir í frumvarpinu.

Barnaheill telja að eðlilegt og rétt sé að kynferðislegur lágmarksdur (samræðisdur) í 1. mgr. verði hækkaður úr 14 árum í 16 ár. Samtökin telja það óeðlilega lágur aldur og 14 ára börn hafi ekki náð nægilegum þroska til að stunda kynlíf. Ef að lögunum yrði breytt með þessum hætti væri verið að senda þessi skilaboð út í samfélagið. Það yrði jafnframt

styrkur fyrir þá sem veita kynfræðslu og aðra þá sem hvetja ungmenni til að hefja kynlíf ekki of snemma að hafa lögin á bak við sig.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja það að refsihámarkið í þessari málsgrein verði hækkað og verði 16 ára fangelsi og styðja jafnframt að lögfest verði sérstakt refsilágmark, 1 árs fangelsi.¹

Samtökin eru sammála því að 205 gr. eigi að nema á brott.

Fyrning sakar.

Barnaheill styðja það eindregið að 14 ára aldursmarkið í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl., sbr. 2. gr. laga nr. 63/1998, verði breytt í 18 ár. Er það aldursmark æskilegra miðað við eðli og alvarleika þessara brota. Samtökin leggja einnig mikla áherslu á að fyrningarfresturinn verði kynntur vel fyrir almenningi þannig að brotapolar séu meðvitaðir um að þeir hafi einungis ákveðinn tíma til að leggja fram kæru. Brýna þarf þetta sérstaklega fyrir þeim sem vinna beint með brotapolum kynferðisbrota.

Samtökin styðja það einnig að refsihámark fyrir kynferðislega áreitni gagnvart börnum verði hækkað um 2 ár sem aftur leiðir til þess að fyrningarfrestir fyrir þau brot sem bitna á yngstu börnunum, þ.e. yngri en 16 ára, munu lengjast.

Samtökin hvetja til þess, líkt og kemur fram í frumvarpinu, að tekin verði upp sérhæfð meðferð fyrir unga gerendur hér á landi og henni fundinn heppilegur staður.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja minna á í þessu samhengi á 19. og 34 gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992, 3. mgr. 76. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og barnaverndarlög nr. 80/2002 sem öll veita börnum vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.

Virðingafyllst,

Barnaheill – Save the Children á Íslandi

¹ Þess má geta að Barnaheill hafa beitt sér fyrir því að lágmarksrefsing verði einnig sett við barnaklámsbrotum. Refsingar við barnaklámsbrotum eru í aðalatriðum sambærilegar á Norðurlöndunum en Svíþjóð sker sig þó úr þegar um stórfellt barnaklámsbrot er að ræða því þeir hafa lágmarksrefsingu sem er 6 mánaða fangelsi. Barnaheill hefur lagt til að sett verði í 4. mgr. 210. gr. hgl. sams konar lágmarksrefsing við slíkum brotum. (Sjá umsögn Barnaheilla frá 05. 04. 2006 við Frumvarp til laga um breytingu á alm.hgl, oml og fjarskiptalögum, 619. mál)

